

Stefanie Bade

Hvernig meta Íslendingar fólk sem talar með hreim?

Greining á duldum viðhorfum
með sérstöku tilliti til kyns og aldurs

1 Inngangur

Í desember 2015 las jarðfræðingur sem vinnur á Veðurstofu Íslands veðurfréttir á Rás 1 og talaði hann með erlendum hreim. Þó að viðbrögðin við upplestrinum hafi verið að mestu leyti jákvæð var þetta gagnrýnt af sumum. Meðal þeirra raka, sem voru færð á móti því að fréttir væru lesnar af útlendingi, var að fréttirnar þyrftu vera algjörlega skiljanlegar og að „fjölmenningarhyggja meðvirkra [hefði] tekið völdin“ (Jón Valur Jensson 2015). Þetta nýlega og mjög áberandi dæmi um erlenda jarðfræðinginn sýnir að skiptar skoðanir eru innan íslensks samfélags og bendir til þess að ákveðnir þættir geti haft áhrif á viðhorf til erlends hreims. Þar sem tíundi hluti landsmanna er af erlendu bergi brotinn hefur aldrei verið brýnna en nú að rannsaka viðhorf til erlends hreims, ekki síst vegna þess að það að mæta innflytjendum og þ.a.l. tali með erlendum hreim hefur orðið hversdagslegur veruleiki bæði í viðskiptaheiminum og í daglegu lífi hér á landi.

Rannsókn þessi¹ miðar að því að kanna, í fyrsta lagi, hvort og þá hvaða bakgrunnsþættir Íslendinga hafi áhrif á viðhorf til erlends tals og, í öðru lagi, hvort rekja megi greinarmun í viðhorfum til erlends tals til þjóðernislegs bakgrunns málnotendanna.

Til að afhjúpa viðhorfin til erlends hreims var notast við hulinsprófið (e. *verbal-guise technique*) þar sem átta konur, sjö með erlendan hreim og ein með íslensku að móðurmáli, lásu upp sama texta og var tal þeirra tekið upp. Upptökurnar voru svo spilaðar fyrir hóp þátttakenda með íslensku að móðurmáli og lögðu þeir mat á upptökurnar samkvæmt merkingargreiningu (e. *semantic differential*).

Greinin fjallar sem sagt um íslensku talaða með erlendum hreim og viðhorf til slíkrar málnotkunar. Í 2. kafla er fjallað um erlendan hreim og þær félagslegu og mállegu breytingar sem íslenskt málsamfélag hefur orðið fyrir á síðustu árum. Í því sambandi er sérstök áhersla lögð á aðstæður tengdar mállegri sjálfsmynd, skynjun og mati á erlendum hreim, svo og hugsanlegar afleiðingar þessara nýlegu breytinga. Í 3. kafla fylgja útskýringar á þeim aðferðum sem beitt er og aðferðafræði og síðan eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar í 4. kafla. Niðurstöðurnar eru svo ræddar í 5. kafla og er einkum fjallað um niðurstöður í ljósi kyns og aldurs. Niðurstöður gefa til kynna að nýtt gildismat á tali fólks sé að myndast og kann það að hafa áhrif á „málloftslag“ hér á landi. 6. kafli hefur að geyma nokkur lokaorð.

2 Hreimur og samfélag

2.1 Hljóðfræðileg máltilbrigði

Tal er samsett af ýmsum þáttum og eru hljóðfræðileg einkenni þess sérstaklega áberandi (e. *salient*) (Moyer 2013:85). Í tali geta vísbendingar sem eru rétt nokkrar millisekúndur sýnt mállegan bakgrunn einstaklings (Kang og Rubin 2009:2). Þar af leiðandi er skynjun erlends hreims óhjákvæmilega samtvinnuð við hugmyndir um þann sem talar með hreim og ætluð persónueinkenni hans. Hugmyndin um að greina á milli „innfædds tals“, þ.e. tals þeirra sem hafa eitt hvert tungumál að móðurmáli (e. *native speech*), og erlends tals, þ.e. tals þeirra sem hafa viðkomandi tungumál sem annað eða erlent mál (e. *non-native speech*), er því ekki einungis byggð á mismunandi

¹ Rannsóknin ber heitið „Dulin viðhorf: Mat á tali innflytjenda“ og er styrkt af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

hljóðfræðilegum einkennum, heldur á þeim félagssálfræðilega greinarmun sem er gerður á milli þess að fylgja settum staðli og þess að gera það ekki.

Eins og við á um öll stöðluð tungumál býður íslenski staðallinn ekki síst upp á viðmið um rétt og rangt (Moyer 2013:86). Með öðrum orðum þá hjálpar staðallinn málnotandanum til að finna stöðu sína innan þeirrar félagslegu formgerðar sem málsamfélagið býr yfir með öllu sínu lagskipta kerfi sem tengist mállegum breytileika. Að eiga sér ákveðinn málstaðal á þá einnig þátt í að sameina málnotendur og gefa þeim sameiginlega sjálfsmynd. Hérlandis ríkir sérstakt „málloftslag“ sem einkennist af sterkum hugmyndafræðilegum tengslum við hið staðlaða afbrigði, langri og öflugri bókmenntahefð og strangri málstefnu, og hefur það byggt undir málstaðal sem almenningur ber mikla virðingu fyrir (Leonard og Kristján Árnason 2011:92; Amanda Hilmarsson-Dunn og Ari Páll Kristinsson 2010).

Við skynjun tals er lagt mat á talið og þann sem talar. Þegar mat er lagt á framburð virðist ríkja einhver tvískinnungur sem fer eftir eðli framburðarins. Ef við leggjum mat á heimaþingar mállýskur eða málafræðing (sjá Moyer 2013:102) þá er mest áberandi munur milli staðals og frávíks frá staðlinum (Cargile og Giles 1998; Milroy 1999). Þegar kemur hins vegar að mati á erlendum málhöfum er fyrst og fremst greinarmunur á innfæddu og erlendu tali og er viðbrögðunum við því raðað eftir félagslegum þáttum svo og þeim sem lúta að samhengi. Hinn rótgróni greinarmunur, sem hefur snúist um hugmyndir um rétt form hefðbundinnar íslensku, hefur þekkt öldum saman. En hvað sem því líður hefur sívaxandi fjöldi erlendra tungumála á Íslandi og fjölgun fólks sem talar íslensku með hreim „dunið á“ íslensku málsamfélagi að undanförmu og þetta kann að hafa breytt „málloftslaginu“. Þess vegna er hugsanlegt að það myndist annað matskerfi (mögulega við hlið þess sem fyrir er) sem tekur mið af því hvort tal er heimaþingið eða ekki.

Íslendingar tengjast íslenskum málstaðli sterkum böndum. Drifkraftinn á bak við það má m.a. rekja til þess að engar mállýskur eru ríkjandi hér ef við skilgreinum mállýsku sem virkt málafræðingur sem hefur sinn eigin orðaforða og málfræði, málsnið og framburð (Moyer 2013:10). Lítil breytileiki ríkir í íslenskum framburði og tungumálið í heild er talið vera einsleitt í samanburði við önnur tungumál (Kristján Árnason 2005:366). Þar að auki eru þau hljóðfræðilegu tilbrigði sem

nú tíðkast í íslenskunni yfirleitt ekki félagslega (for)dæmd² þótt sum þeirra virðist talin meira aðlaðandi en önnur (Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir 2016:29). Á hinn bóginn er hreimur tilbrigði í máli sem nær eingöngu yfir hljóðfræðileg einkenni og er hugtakið hér undantekningarlaust notað í sambandi við hljóðfræðileg einkenni sem rekja má til einstaklings sem hefur íslensku að öðru eða erlendu máli. Síðan eru vísbendingar um að yngri kynslóðin, einkum sú á höfuðborgarsvæðinu, þrói með sér hljóðfræðilegar nýjungar á meðan önnur rótgróin einkenni í framburði manna virðist vera á undanhaldi (Kristján Arnason 2005:410 o.áfr.). Nefna má í því samhengi *ks*-framburðinn svokallaða sem tíðkast í vaxandi mæli hjá yngri kynslóðinni. Mörg rótgróin framburðarafrbrigði, t.a.m. harðmæli og raddaður framburður, eru hins vegar á undanhaldi. Á meðan öll þessi einkenni teljast vera heimaræktuð íslenska hefur staða erlends hreims og viðhorf til hans ekki verið rannsökuð.

Breytileiki í máli getur gefið tilefni til gildistengdrar mismununar (Coupland og T. Kristiansen 2011:18) og það á eftir að koma í ljós hvort tiltekinn erlendur hreimur hefur fengið viðurkennda stöðu í íslensku samfélagi. Þar sem fáir útlendingar koma fram í fjölmiðlum er enn afar óljóst hvernig Íslendingar bregðast opinberlega við íslensku talaðri með hreim. Undantekning í því samhengi er Frakkinn Gerard Lemarquis sem hefur oft komið fram í útvarpsþáttum og verið sagður tala „með sínum fallega, franska hreim“ (*Morgunblaðið* 5.9. 1998). Þannig virðist franskur hreimur vera nokkuð viðurkenndur og hann tengdur við jákvæð persónueinkenni.

Enn fremur má í fyrsta lagi gera ráð fyrir því að „Íslendingar haf[i] margir hverjir litla þolinmæði til að hlusta á íslensku með erlendum hreim“ (*Íslenska til alls* 2009:79). Í öðru lagi má ganga út frá því að Íslendinga skorti æfingu í að hlusta á erlendan hreim í íslensku (*Bítið* 2016) og geta báðir þættir haft áhrif á mat á tali með erlendum hreim.

2.2 Rannsóknir á viðhorfum til hreims

Erlent tal og mat á því tengist félagslegum staðalmyndum sem verða til ómeðvitað þegar við skynjum frávík frá hefðbundnu innfæddu tali. Umfangsmiklar erlendar rannsóknir á viðhorfum til erlends tals

² Þegar tekið er tillit til sögulegra hljóðfræðilegra afbrigða má nefna flámæli. Það er hér reyndar undantekning þar sem hart var tekið á þessum óæskilega framburði um miðja 20. öld. Nú til dags er flámæli talið dautt (sjá nánari umfjöllun hjá Kristjáni Arnasyni 2005:395-408).

staðfesta að hreimur er tengdur við ákveðin gildi, svo sem um rétt eða rangt, æskilegt eða ekki, virðingu og vald. Ryan og Carranza (1975) t.a.m. létu 63 þátttakendur í könnun leggja mat á karlkyns upplesara sem hafði verið skipt í tvo hópa. Annar þeirra samanstóð af upplesurum með ameríska ensku að móðurmáli á meðan upplesarar í hinum hópnum töluðu ensku með mexíkóskum hreim. Notast var við hulinsprófið. Upplesarar voru metnir samkvæmt 15 lýsingarorðum sem standa fyrir annaðhvort álitstengd persónueinkenni (e. *status traits*), t.d. *greindur* og *farsæll*, eða persónueinkenni tengd samstöðu (e. *solidarity traits*), t.d. *áreiðanlegur* og *vingjarnlegur*. Niðurstöður þessarar könnunar leiddu í ljós að upplesarar með ensku að móðurmáli voru metnir hærra fyrir öll persónueinkenni en þeir með mexíkóskan hreim. Mikill munur var milli álits- og samstöðutengdra persónueinkenna þar sem upplesarar með hreim voru metnir miklu lægra í álits-tengdum atriðum en upplesarar með ensku að móðurmáli.

Viðhorf eru nokkuð stöðugt fyrirbæri, sett saman úr hugsunum, tilfinningum og hegðun. Þau má flokka í dulin og ódulin þar sem dulin viðhorf eru nokkuð falin. Gera má ráð fyrir því að viðhorf sem menn tjá opinskátt muni hugsanlega vera nokkuð frábrugðin þeim sem hafa komið fram með duldem hætti. Fólk er oft meðvitað um félagslega viðkvæm efni, svo sem afstöðu til innflytjenda, og svarar gjarnan beinum spurningum samkvæmt því sem það heldur að rannsakandinn vilji heyra (sbr. Garrett 2010:44 o.áfr.) eða því sem telst vera pólitískur rétttrúnaður. Það er hefð fyrir því að kanna ómeðvituð viðhorf til afbrigða í tali manna, svo sem mállýskna og hreims, með því að nota grímupróf (e. *matched-guise technique*, sjá Lambert o.fl. 1960) þar sem einn og sami málhafi er látinn tala með misjöfnum hreim. Rannsóknir með þessari aðferð hafa leitt í ljós að hlustendur byggja skoðanir sínar oft á siðferðilegu og fagurfræðilegu mati sem er eingöngu miðað við mál og hreim (Kang og Rubin 2009:3). Þess vegna er grímuprófið tilvalin aðferð til að rannsaka hreim og tengsl við mat á persónueinkennum. Breytt útgáfa grímuprófs, hulinsprófið (e. *verbal guise technique*),³ er notuð í þessari rannsókn þar sem búíð er að taka upp mismunandi málhafa; þeir verða hér kallaðir „upplesarar“. Svo eru þátttakendurnir í könnuninni beðnir um að leggja mat á upplesarana og segja til um hve mikið álit þeir hafa á viðkomandi

³ Hulinsprófið er vel þekkt aðferð sem felst í því að taka upp mismunandi einstaklinga sem lesa upp sama textann. Á þann hátt er mögulegt að fá upptökur af mismunandi hreim eða mállýskum með þeim framburði sem er einkennandi fyrir viðkomandi tilbrigði.

málnotanda og hversu mikillar virðingar hann teljist njóta (sjá t.d. Ball 1983, Kang og Rubin 2009, T. Kristiansen 2006, Ladegaard 1998, Ryan og Sebastian 1980).

Við skynjun erlends hreims kallast oft fram ákveðnar hugmyndir eða tilfinningar, þ.e. staðalmyndir, um persónueinkenni erlenda málhafans (Moyer 2013:85) sem síðan birtast í tilteknum viðhorfum. Sá sem talar með hreim getur orðið fyrir félagslega neikvæðu mati (Munro o.fl. 2006:68) þó að það eigi ekki alltaf við þar sem staðalmyndir geta einnig verið jákvæðar (Giles og Niedzielsky 1998). Samkvæmt því sem nefna mætti „tilgátu um mállega staðalmyndun“ (e. *linguistic stereotyping hypothesis*) geta meira að segja örstutt dæmi með erlendu tali, þar sem tilbrigði í máli tengjast hópi sem er litið niður á, kallað fram neikvætt mat á upplesaranum (Kang og Rubin 2009:2) en það getur haft í för með sér félagslega, andlega og fjárhagslega ókosti fyrir þann sem talar með hreim (Lippi-Green 1997, Kinzler o.fl. 2009). Málleg staðalmyndun er fyrirbæri þar sem áberandi afbrigði í máli sem hafa félagslega þýðingu eru tengd við ákveðna hópa. Þannig myndast tenging milli tungumáls og félagslegrar sjálfsvitundar (e. *social identities*, sjá Honey 1997, G. Kristiansen 2001).

Á Íslandi leiddi meginleg forprófun með tveimur rýnihópum í ljós að yngri kynslóðin væri umburðarlyndari en hinir eldri gagnvart erlendum hreim eða einhverjum framburði undir útlenskum áhrifum sem sker sig úr frá hinum íslenska staðli (Bade og Isenmann væntanl., sjá einnig Kristján Árnason 2003). Það þýðir hins vegar ekki að mikilvægi staðlaðs máls, einkum sem helsta tákns íslenskrar þjóðarvitundar, sé á verulegu undanhaldi (sbr. T. Kristiansen og Vikør 2006). Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum til ensku (Halldóra Björt Ewen og T. Kristiansen 2006, Hanna Óladóttir 2009, Kristján Árnason 2006), nýjunga í íslensku (Finnur Friðriksson 2008) og hljóðfræðilegs breytileika (Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir 2016). Ef frá er talin eigindleg forprófun þar sem könnuð voru viðhorf til staðlaðrar íslensku og frávika frá henni bæði almennt og með áherslu á erlendan hreim og tölvumiðluð samskipti (e. *computer-mediated communication*, Bade og Isenmann væntanl.), hefur vantað rannsóknir á óhefðbundinni málnotkun, þ.e. málnotkun sem stangast á við þá sem hefur tíðkast hér áður. Samnorræna verkefnið *MIN* (Moderne importord i språka i Norden) hafði það að markmiði að kanna viðhorf til ensku og enskra tökuorða í sjö málsamfélögum og staðfestu niðurstöðurnar að íslenskur almenningur aðhylltist hreitungustefnu mest Norðurlandabúa (T. Kristiansen og Vikør 2006).


3 Aðferð

3.1 Upplesarar

Upplesararnir í þessari rannsókn eru fulltrúar helstu sjö innflytjendahópa (sjá *Mynd 1*). Upplesarar sem hafa sænsku og breska ensku að móðurmáli voru þó ekki hafðir með. Einn upplesari á íslensku að móðurmáli. Upplesarar voru valdir með það í huga að kanna viðhorf og hugsanlegar staðalmyndir gagnvart fólki úr helstu innflytjendahópum á Íslandi og er hér um að ræða eftirfarandi lönd: Bandaríkin, Danmörk, Filippseyjar, Litáen, Pólland, Taíland, Þýskaland.

Leitað var til nemenda á öðru ári í Íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands til þess að finna málfafa með svipaða íslenskukunnáttu. Kennarar í námsgreininni voru beðnir um að deila auglýsingunni í gegnum tölvupóst, þann 13. apríl 2015 og þann 27. janúar 2016, og voru nemendur, sem lýstu yfir vilja til þátttöku, flokkaðir eftir aldri, kyni og móðurmáli/upprunalandi. Að lokum voru konur á aldrinum 25–35 ára valdar til þátttöku.

Upplesarinn með íslensku að móðurmáli var af sama kyni og aldri og var tal hans metið af sérfræðingi í hljóðfræði frá Háskóla Íslands til þess að tryggja að framburður hans mætti teljast hefðbundinn íslenskur.



Mynd 1. Níu fjölmennustu hópar erlendra ríkisborgara á Íslandi skv. Hagstofu Íslands, 1. janúar 2017.

Upplesararnir voru teknir upp í tveimur áföngum. Fyrstu upptökurnar voru gerðar 14. maí til 16. júní 2015 og seinni upptökurnar milli 11. og 29. febrúar 2016. Textinn sem var valinn til upplestrar er próftexti

í Íslensku sem öðru máli og inniheldur helstu hljóðin í íslensku. Textinn var sendur til upplestaranna til þess að gefa upplesurunum kost á að kynna sér hann og koma þannig í veg fyrir hugsanlegar truflanir í upplestrarfærni og -hraða. Fyrir hvern upplegara voru þrjár upp-
tökur útbúnar og eru upptökurnar milli 0'58" og 1'28" að lengd. Þó að hægt hefði verið að fá dæmi um raunveruleg samskipti með frjálsri tjáningu talenda (sbr. Munro og Mann 2005) var talin of mikil hætta á hugsanlegum orðasafns- eða formgerðar- og setningafræðilegum áhrifum. Þau geta bæði haft áhrif á mat á upplegaranum og valdið því að ómögulegt sé að greina á milli hljóðfræðilegra þátta og þeirra sem varða önnur svið málkerfisins. Rétt er þó að taka fram að aðstæðurnar við að lesa upp texta eru nokkuð óeðlilegar og getur það haft áhrif, sérstaklega á yfirsneiðarþætti svo sem talhraða.

3.2 Framkvæmd

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma rannsóknina og var tekið slembiúrtak sem var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Þess vegna er hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar. Könnuninni var svo dreift meðal 1000 einstaklinga í netpanel hjá stofnuninni, 18 ára og eldri um landið allt.

Í byrjun könnunarinnar voru hlustendur upplýstir um að leikskól-
ar á höfuðborgarsvæðinu hefðu auglýst eftir starfsmanni á fjölmenn-
ingarleikskóla. Starfsmaðurinn ætti að taka þátt í að móta skólustarfið
og taka þátt í kennslu og leik leikskólabarna. Markmið fjölmenn-
ingarleikskólans væri að íslensk börn sem og börn innflytjenda sæktu
sömu leikskóla þar sem starfsmenn leikskólans væru af ólíkum upp-
runa. Þrjár konur hefðu verið metnar hæfustu umsækjendurnir. Til
þess að velja milli þeirra væri athugað hver þeirra hljómaði best og
hvers konar eiginleika fólk skynjaði hjá viðkomandi.

Þátttakendur voru beðnir um að hlusta á hljóðupptökurnar. Til-
viljun réði því hvaða þrjár upptökur þátttakendurnir heyrðu og í
hvaða röð þeir heyrðu þær. Þó fengu allir þátttakendur að heyra tal-
konunnar sem hefur íslensku að móðurmáli. Eftir hverja upptöku
voru þátttakendur beðnir um að meta hvern upplegara út frá nokkr-
um atriðum og giska á frá hvaða landi upplestarinn væri. Við mat
á upptökum var notaður 7 punkta kvarði og náði hann frá 3 til -3.
Atriðin sem lýsa eiga persónueinkennum voru fengin úr MIN-verk-
efninu (sbr. T. Kristiansen 2006) þar sem áreiðanleiki lýsingarorða

hafði þegar verið staðfestur (T. Kristiansen 2006:16).⁴ Ákveðið var að nota andstæðupör í þessari könnun og eru þau eftirfarandi: *sjálfstæð* – *ósjálfstæð*, *dugleg* – *löt*, *greind* – *vitlaus*, *metnaðarfull* – *metnaðarlaus*, *afslöppuð* – *óróleg*, *áhugaverð* – *óáhugaverð*, *aðlaðandi* – *óaðlaðandi*, *áreiðanleg* – *óáreiðanleg*.⁵ Gengið var úr skugga um að þátttakendur hlustuðu á upptökuna áður en spurningum var svarað. Þátttakendur sem hlustuðu ekki á tiltekna hljóðupptöku slepptu spurningunum sem sneru að þeirri upptöku. Að lokum voru þátttakendurnir beðnir um að veita upplýsingar varðandi bakgrunn og voru bakgrunnsbreytur eftirfarandi: kyn, aldur, búseta, hjúskaparstaða, hvort börn séu á heimilinu, menntun, staða á vinnumarkaði, starfsstétt, heildartekjur einstaklings, heildartekjur heimilis og stjórnálaskoðun.⁶ Yfirlit yfir undirflokkka hverrar breytu er sýnt í *Töflu 1*.

Gagnaöflun hófst 17. maí og lauk 20. ágúst 2016. Alls svöruðu 538 einstaklingar könnuninni og er svarhlutfall því 54%. Svör voru greind með þeirri tölfræðiaðferð sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu, s.s. með t-prófi og dreifigreiningu. Niðurstöður voru reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum og sýna *Mynd 3* og *Tafla 2* meðaltöl merk-ingargreiningar fyrir breyturnar kyn og aldur. Hinar breyturnar eru settar fram með skammstöfunum og er marktækt merkt við hvert atriði. Vegna þess að dreifing var talsvert ójöfn í þáttunum búseta, hjúskaparstaða, börn á heimilinu, menntun, staða á vinnumarkaði, starfsstétt, einstaklingstekjur og heimilistekjur, og þar sem mikið magn upplýsinga fylgir þeim, eru niðurstöður um marktækan mun innan hvers þáttar eingöngu sýndar í *Töflu 3* og verða svo ræddar síðar (í 5. kafla, Umræða). Marktækt er sýnd fyrir allar bakgrunnsbreytur og var marktæktarprófið kí-kvaðrat notað. Allar töflur sýna tölfræðilega marktækt með stjörnum * $p \leq 0,05$, ** $p \leq 0,01$, *** $p \leq 0,001$.

⁴ Lýsingarorðin voru upphaflega á dönsku en voru þýdd yfir á hin Norðurlandamálin eftir að hafa staðist próf um áreiðanleika.

⁵ Lýsingarorðinu *traustvekjandi* í MIN-verkefninu var skipt út fyrir lýsingarorðið *áreiðanlegur* þar sem erfitt reyndist að finna andstæðu við það.

⁶ Ákveðið var að sleppa greiningu þessarar breytu þar sem Panamaskjölin svokölluðu voru birt meðan könnunin stóð yfir. Þess vegna var talin hætta á að niðurstöður úr spurningum um stjórnálaskoðun myndu ekki endilega endurspeglar skoðanir fólks við venjulegar aðstæður.

Kyn	Staða á vinnumarkaði (VIN)
Karlar	Í launuðu starfi
Konur	Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi
Aldur	Í námi
18–29	Annað
30–44	Starfsstétt (STA)
45–59	Stjórnendur og sérfræðingar
60+	Iðnaðarmenn, tæknar, og sérmenntað starfsfólk
Búseta (BÚS)	Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk
Höfuðborgarsvæðið	Bændur, sjómenn, véla- og verkafólk
Landsbyggð	Einstaklingstekjur (ET)
Hjúskaparstaða (HJÚ)	Lægri en ISK 200.000
Einhleyp(ur)	ISK 201.000–300.000
Í sambúð	ISK 301.000–400.000
Gift(ur)	ISK 401.000–600.000
Ekill/ekkja eða fráskilin(n)	Hærri en ISK 600.000
Börn á heimilinu (BÖR)	Heimilistekjur (HT)
Börn á heimilinu	Lægri en ISK 300.000
Ekki börn á heimilinu	ISK 301.000–500.000
Menntun (MEN)	ISK 501.000–700.000
Grunnskólanám eða minna	ISK 701.000–900.000
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	Hærri en ISK 901.000
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	
Háskólanám	

Tafla 1. Yfirlit yfir breytur og gildi breytna.

4 Niðurstöður


4.1 Inngangur

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru sýndar hér á eftir. Fyrst verða kynntar almennar niðurstöður með tilliti til meðaltalna hvers lands fyrir sig og svo verður veitt yfirlit yfir röðun landa samkvæmt ein-kennunum átta. Þá fylgir greining eftir bakgrunnspáttum og verður áhersla lögð á greiningu kyns og aldurs.

4.2 Almennar niðurstöður


Þegar tillit er tekið til meðaltalna hvers lands fyrir sig kemur í ljós að bandaríski upplestarinn er metinn hæstur ($M = 1,93$) og litáski upplestarinn lægstur ($M = 1,31$). Danski ($M = 1,92$) og íslenski málhafinn ($M = 1,86$) eru í öðru og þriðja sæti. Þýski og tailenski upplestarinn fylgja í fjórða sæti ($M = 1,74$) og svo pólski ($M = 1,63$) og filippseyski upplestarinn ($M = 1,56$).

Þegar litið er á persónueinkennin átta og hvernig þau eru metin á kvarðanum kemur í ljós að sum þeirra eru að jafnaði metin hærra en önnur. Svo eru einkennin *dugleg* ($M = 1,93$), *metnaðarfull* ($M = 1,90$) og *greind* ($M = 1,80$) metin hátt í samanburði við einkennin *áhugaverð* ($M = 1,58$), *afslöppuð* ($M = 1,58$) og *aðlaðandi* ($M = 1,43$) (sjá Mynd 2). Það bendir til að persónueinkenni hafi mismunandi gildi í huga þátttakenda; væntanlega finnst þátttakendunum sum einkenni skipta meira máli en önnur. Upptakan með konunni sem hefur íslensku að móðurmáli er metin hæst í tveimur atriðum (*aðlaðandi*, *afslöppuð*), á meðan bandaríski upplestarinn er metinn hæstur í þremur atriðum (*greind*, *áreiðanleg*, *áhugaverð*), svo og danski upplestarinn (*metnaðarfull*, *dugleg*, *sjálfstæð*). Litáski upplestarinn kemur út lægstur í sjö af átta atriðum. Það að upplestarar fengu mismunandi einkunnir fyrir tiltekin persónueinkenni getur verið vísbending um að mismunandi hreimur og þar með upplestarar séu tengdir við ákveðin persónueinkenni fremur en við önnur. Bandaríski upplestarinn þykir t.d. áreiðanlegri en filippseyski upplestarinn.



Mynd 2. Yfirlit yfir meðaltöl hvers upprunalslands fyrir sig samanlagt, fyrir persónueinkennin öll: *sjálfstæð*, *dugleg*, *greind*, *metnaðarfull*, *afslöppuð*, *áhugaverð*, *aðlaðandi*, *áreiðanleg*.

Eftirfarandi mynstur kemur í ljós við nánari skoðun (sjá Mynd 3): Íslenski, bandaríski og danski upplasarinn skiptast á um að tryggja sér efstu þrjú sætin. Undantekningar eru varðandi einkennin *metnaðarfull*, þar sem íslenski upplasarinn er í fjórða sæti á eftir hinni taílensku, einkennið *greind*, þar sem íslenski upplasarinn er í fjórða sæti á eftir þýska upplasaranum, og *dugleg* en þar er íslenski upplasarinn í sjötta sæti. Upptökur með filippseyskum og litáískum upplasara eru að mestu leyti í neðstu sætum og er filippseyski upplasarinn að jafnaði í sjöunda sæti á meðan litáíski upplasarinn er oftast í áttunda sæti. Það eru samt tvær undantekningar. Hvað varðar einkennið *áreiðanleg*, er filippseyski upplasarinn í fimmta sæti og í sjötta sæti fyrir einkennið *afslöppuð*. Síðastnefnda atriðið er einnig merkilegt af því að litáíski upplasarinn er hér í næstneðsta sæti og ekki neðsta en þar er pólski upplasarinn. Taílenska, þýska og pólska upplasarann má að jafnaði finna einhvers staðar á milli efstu og neðstu sætanna. Benda má á tvær undantekningar varðandi einkennin *dugleg* og *áreiðanleg*, þar sem pólski upplasarinn er í öðru sæti hvað varðar fyrstnefnda einkennið, á meðan íslenski upplasarinn er í sjöunda sæti. Hins vegar er þýski upplasarinn í sjöunda sæti fyrir atriðið *áreiðanleg*.



Mynd 3. Niðurstöður fyrir allar upptökur og persónueinkenni.

4.3 Bakgrunnspættir

4.3.1 Inngangur

Marktækur munur kom fram varðandi alla bakgrunnspætti. Það er hins vegar áberandi að dreifing marktæks munar er öjöfn að því leyti að

sumir bakgrunnspættir sýna oftast marktækan mun en aðrir. Svo sýna bakgrunnspættirnir kyn og aldur marktækan mun fyrir flest einkenni varðandi fjóra upplesara (þann bandaríska, íslenska, litáíska og þýska) á meðan greining bakgrunnspáttarins staða á vinnumarkaðnum leiðir í ljós að marktækur munur er eingöngu varðandi örfá einkenni hjá þeim upplesurum. Almenn tálsvæðing má finna talsvert fleiri dæmi um innan- hópamun, þ.e. marktækan mun innan ákveðinnar breytu, hjá íslenska, bandaríska, litáíska og þýska upplesaranum en hjá danska, filippseyka, pólska og taílenska upplesaranum og bendir það til þess að viðhorfin séu mjög breytileg eftir þjóðfélagshópum.

4.3.2 Kyn

Konur meta upptökurnar að jafnaði hærra en karlmenn. Munurinn er marktækur fyrir öll einkenni varðandi íslenska, litáíska og þýska upplesarann. Marktækur munur kemur fram í sjö af átta einkennum hvað varðar bandaríska upplesarann. Enginn marktækur munur milli kynjanna er varðandi danska og pólska upplesarann. Undantekningar frá því að konur meti upptökurnar hærra eru varðandi einkennin *afslöppuð* og *aðlaðandi* hjá danska upplesaranum, svo og fyrir pólska upplesarann og atriðin *afslöppuð*, *áhugaverð*, *aðlaðandi* og *áreiðanleg*. Munurinn er hins vegar ekki marktækur.

Persónueinkenni

Kyn	Sjálfsstæð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afslöppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
Ísland	1,83***	1,86***	1,92***	1,95***	1,97***	1,70***	1,75*	1,89*
Karlar	1,66	1,69	1,78	1,76	1,79	1,53	1,63	1,76
Konur	2,03	2,06	2,09	2,18	2,17	1,90	1,88	2,03
Bandaríkin	1,95*	2,01***	2,02*	2,09*	1,92***	1,78***	1,73***	1,95
Karlar	1,74	1,72	1,84	1,89	1,68	1,44	1,47	1,86
Konur	2,20	2,35	2,23	2,32	2,22	2,17	2,02	2,05
Danmörk	2,00	2,18	1,94	2,12	1,87	1,76	1,62	1,88
Karlar	1,97	2,11	1,87	2,00	1,91	1,66	1,64	1,82
Konur	2,05	2,27	2,01	2,27	1,80	1,88	1,60	1,95

Kyn	Sjálfstæð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afsloppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
Filippseyjar	1,61	1,82***	1,67	1,77	1,39	1,43	1,18	1,59
Karlar	1,54	1,53	1,63	1,71	1,36	1,25	1,07	1,42
Konur	1,69	2,09	1,71	1,84	1,42	1,61	1,30	1,76
Litáen	1,37***	1,66***	1,40***	1,55***	1,19***	1,11***	0,96***	1,24***
Karlar	0,93	1,19	0,82	1,01	0,65	0,58	0,41	0,78
Konur	1,95	2,27	2,20	2,26	1,89	1,80	1,68	1,84
Pólland	1,84	2,10	1,72	1,94	1,04	1,54	1,30	1,58
Karlar	1,77	1,97	1,62	1,81	1,27	1,57	1,32	1,61
Konur	1,90	2,21	1,81	2,05	0,84	1,52	1,29	1,56
Taíland	1,77	1,95*	1,79*	1,96	1,47	1,64*	1,53	1,83***
Karlar	1,55	1,66	1,52	1,77	1,31	1,35	1,29	1,48
Konur	1,98	2,20	2,03	2,14	1,62	1,91	1,74	2,13
Þýskaland	1,79***	1,89***	1,93*	1,95***	1,76***	1,67***	1,35***	1,57***
Karlar	1,47	1,54	1,73	1,60	1,51	1,31	1,02	1,21
Konur	2,20	2,33	2,21	2,43	2,11	2,15	1,79	2,04

Tafla 2. Marktækur munur með tilliti til kyns.

4.3.3 Aldur

Marktækur munur kemur fram fyrir öll einkenni varðandi íslenska og litáíska upplestarann. Sjö einkenni sýna marktækan mun hvað varðar þýska upplestarann og sex hvað varðar bandaríska upplestarann. Enginn marktækur munur milli aldurshópanna er fyrir pólska upplestarann. Því eldri sem hlustendur eru þeim mun jákvæðara mat leggja þeir að jafnaði á upptökurnar. Mynstur af því tagi reynist sérstaklega áberandi fyrir íslenska, bandaríska og danska upplestarann en það er ekki undantekningarlaust.

Atriðin *sjálfstæð*, *dugleg* og *metnaðarfull* hjá pólska upplestaranum sýna mynstur sem virðist vera öfugt að því leyti að yngsti aldurshópurinn metur þau atriði hærra en hinir aldurshóparnir þó að munurinn sé ekki marktækur. Hvað varðar þýska málhafann og einkennið *greind* má sjá að þeir sem eru 18–29 ára meta upplestarann næstum eins hátt og þeir sem eru 60 ára og eldri. Yngstu hóparnir tveir leggja marktækt lægra mat á Þjóðverjann varðandi atriðið *aðlaðandi* en hinir aldurs-

hóparnir. Enn fremur gefa niðurstöðurnar til kynna að þeir sem eru á aldrinum 30–44 ára meti litáíska lesandann marktækt lægra en hinir aldurshóparnir með tilliti til sjö af hinum átta persónueinkennum (undantekningin er breytan *metnaðarfull*).

Persónueinkenni

Aldur	Sjálfstæð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afslóppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
Ísland	1,83***	1,86***	1,92***	1,95***	1,97*	1,70***	1,75***	1,89***
18–29	1,66	1,68	1,75	1,69	1,82	1,40	1,49	1,69
30–44	1,56	1,65	1,77	1,71	1,79	1,51	1,58	1,64
45–59	1,96	1,98	1,98	2,15	2,12	1,78	1,82	2,06
60+	2,19	2,16	2,21	2,29	2,15	2,13	2,10	2,17
Bandaríkin	1,95***	2,01***	2,02	2,09	1,92***	1,78***	1,73***	1,95*
18–29	1,54	1,52	1,78	1,82	1,67	1,11	1,15	1,81
30–44	1,68	1,70	1,84	1,87	1,47	1,56	1,47	1,49
45–59	2,10	2,31	2,19	2,40	2,19	2,00	2,11	2,10
60+	2,38	2,42	2,24	2,23	2,29	2,31	2,10	2,32
Danmörk	2,00	2,18	1,94	2,12	1,87	1,76*	1,62*	1,88***
18–29	1,75	1,86	1,49	1,75	1,38	1,02	0,91	1,25
30–44	1,96	2,04	1,98	2,19	1,91	1,79	1,68	1,77
45–59	2,19	2,39	1,98	2,25	2,01	2,08	1,85	2,14
60+	2,10	2,46	2,23	2,21	2,12	2,06	2,00	2,29
Filippseyjar	1,61*	1,82	1,67	1,77	1,39	1,43*	1,18*	1,59*
18–29	0,98	1,35	1,20	1,50	1,15	1,01	0,55	1,10
30–44	1,57	1,78	1,63	1,70	1,23	1,16	1,11	1,42
45–59	1,95	2,15	2,03	2,04	1,42	1,82	1,23	1,92
60+	1,85	1,91	1,76	1,86	1,77	1,77	1,72	1,88
Litáen	1,37***	1,66*	1,40***	1,55	1,19***	1,11***	0,96***	1,24***
18–29	1,42	1,61	1,14	1,37	1,08	0,95	0,75	1,05
30–44	0,69	1,22	0,82	1,18	0,36	0,28	-0,07	0,55
45–59	1,61	1,93	1,88	1,93	1,49	1,48	1,42	1,84
60+	1,93	2,01	2,01	1,86	1,98	1,90	1,98	1,81
Pólland	1,84	2,10	1,72	1,94	1,04	1,54	1,30	1,58
18–29	2,21	2,23	1,73	2,23	1,02	1,35	0,99	1,39
30–44	1,69	2,01	1,63	1,77	1,01	1,53	1,31	1,44
45–59	1,87	2,02	1,76	1,95	1,09	1,78	1,43	1,80

Aldur	Sjálfstæð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afslöppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
60+	1,59	2,15	1,77	1,81	1,05	1,47	1,46	1,68
Tailand	1,77	1,95	1,79	1,96*	1,47	1,64*	1,53***	1,83
18–29	1,42	1,83	1,64	1,88	1,31	1,19	1,40	1,56
30–44	1,85	2,20	2,00	2,38	1,22	1,67	1,65	1,93
45–59	1,62	1,75	1,45	1,47	1,35	1,39	0,95	1,59
60+	2,08	2,02	2,03	2,17	1,90	2,12	2,10	2,14
Pýskaland	1,79	1,89***	1,93*	1,95***	1,76***	1,67***	1,35***	1,57***
18–29	1,68	1,48	2,08	1,53	1,67	1,81	0,84	0,95
30–44	1,49	1,55	1,51	1,57	1,34	1,12	1,01	1,38
45–59	2,12	2,41	2,23	2,50	2,05	1,95	1,63	2,10
60+	2,02	2,24	2,10	2,39	2,19	2,03	2,08	1,96

Tafla 3. Marktækur munur með tilliti til aldurs.

4.3.4 Aðrir bakgrunnspættir

Þar sem niðurstöður bakgrunnspáttanna búseta, hjúskaparstaða, hvort börn séu á heimili, menntun, staða á vinnumarkaði, starfsstétt, heildartekjur einstaklings og heildartekjur heimilis voru nokkuð óljósar verður hér aðeins fjallað um þær mest áberandi.

Það kemur ekki á óvart að bakgrunnspættirnir aldur og hjúskaparstaða virðast falla saman að einhverju leyti. Þeir sem eru giftir eða ekkill/ekkjja/fráskilin(n) meta upptökurnar að jafnaði hærra en þeir sem eru einhleypir eða í sambúð. Skýra má niðurstöðuna með því að gera ráð fyrir því að gift fólk eða ekkjar/ekkjur/fráskilin(n) tilheyri öðrum, þ.e.a.s. eldri, aldurshóp en hinir.

Mat íbúa á landsbyggðinni er að jafnaði jákvæðara en þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu í þessari könnun. Niðurstaða þessi kemur jafnmikið á óvart og sú varðandi aldurshópana. Fjöldi innflytjenda er mismikill eftir sveitar- og bæjarfélögum. Svo eru tiltölulega margir innflytjendur í Ísafjarðarbæ en frekar fáir í Vopnafjarðarhreppi (sbr. Hagstofu Íslands 2017). Þess vegna er forvitnilegt að kanna hvort umgengni við útlendinga eða fjöldi þeirra á ákveðnum stað kunni að ráða áhrifum á viðhorf til útlensks hreims með tilliti til búsetu.

Lítið var um marktækan mun eftir breytunni börn á heimili í sam-
anburði við aðrar breytur. Litáíski hreimurinn er hér reyndar undan-

tekning þar sem marktækur munur kemur fram varðandi sjö af átta atriðum fyrir þennan upplesara. Þegar litið er til allra breytna lögðu þeir sem voru með börn á heimilinu að jafnaði lægra mat á upplesarann en þeir sem eru án barna á heimilinu. Danski upplesarinn vikur reyndar frá mynstrinu þar sem þeir sem eru með börn á heimili lögðu jákvæðara mat á danskan upplesara varðandi atriðið *metnaðarfull* en hinir.

Niðurstöður varðandi breytuna menntun staðfesta væntingar (sbr. T. Kristiansen 2006) þar sem þeir sem eru minna menntaðir meta uppþökurnar að jafnaði lægra en þeir sem hafa meiri menntun. Ekki var hægt að finna tengsl milli breytnanna menntun, staða á vinnumarkaði og starfsstétt þar sem marktækur munur dreifðist ójafnt hvað varðar uppþökur og persónueinkenni. Þess vegna er frekar óljóst hvort þessir bakgrunnspættir hafi áhrif á mat á erlendum hreim.

Það sama má segja um tekjubreyturnar tvær og er ekki hægt að draga ályktanir að svo komnu máli.

	Sjálfsætð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afslöppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
Ísland	BÚS***, STA*, ET*	BÚS***, VIN*	BÚS***, STA*	BÚS*, HJÚ***	HJÚ***	HJÚ***	HJÚ***, ET*	BÚS*, HJÚ***
Bandaríkin	HJÚ*	HJÚ***, MEN*	BÚS*, BÖR*	BÚS*, HJÚ*	HJÚ*, STA*	HJÚ***, MEN*, HAT***	HJÚ***, MEN***, STA***, HT*	BÖR*, STA***
Danmörk	ET*		HJÚ*	BÖR*, ET*		HJÚ*, STA***, ET***	HJÚ*	HJÚ***
Filippseyjar	BÚS*, HT*		STA*	HJÚ*	HT*	BÚS***, HJÚ*, VIN*, HT*	BÚS***	BÚS*
Litáen	BÚS***, BÖR***, VIN***	BÚS*, HJÚ***, BÖR*, VIN*	HJÚ***, BÖR*, STA*	HJÚ***, VIN***, HT*	HJÚ***, BÖR***, MEN***, VIN***, STA*	BÚS*, HJÚ***, BÖR***, MEN***, VIN***, STA*	HJÚ*, BÖR***, VIN***	BÚS*, HJÚ***, BÖR*, MEN***, VIN***

	Sjálfstæð	Dugleg	Greind	Metnaðarfull	Afslöppuð	Áhugaverð	Aðlaðandi	Áreiðanleg
Pólland	BÚS*	MEN*, HT*	BÚS*, BÖR*, MEN***	MEN***, HT*	MEN***	BÚS*		BÚS*
Taíland	VIN***					VIN*		HJÚ*, ET***, HT*
Pýskaland	STA***	ET***	STA***	HJÚ*, STA*, HT***	HJÚ***, STA***, ET*		BÚS*, HJÚ***, MEN*, ET***, HT*	

Tafla 4. Marktækur munur með tilliti til búsetu (BÚS), hjúskaparstöðu (HJÚ), barna á heimili (BÖR), menntunar (MEN), stöðu á vinnumarkaði (VIN), starfsstéttar (STA), einstaklingstekna (ET), heimilistekna (HT).

5 Umræða

Draga má ýmsar ályktanir af greiningunni sem hér hefur verið lýst. Í fyrsta lagi virðist vera mikið ósamræmi í mati á erlendum hreim, reyndar meira í sambandi við suma hreima en aðra. Þá er sérstaklega eftirtæktarvert að íslenski hreimurinn virðist skipa sér í flokk með þeim þar sem ósamræmi kemur fram. Í öðru lagi má gera ráð fyrir því að mismunandi hreimur kalli fram mismunandi ímyndir eða staðalmyndir og að matið fari eftir því hver hreimurinn er og einnig eftir bakgrunni þess sem leggur mat á hreiminn.

Sé litið á bakgrunnspættina má sjá að niðurstöður varðandi kyn og aldur eru nokkuð skýrari en fyrir hinar breyturarnar. Þó að oft sé talið að konur hafi tilhneigingu til þess að taka hið staðlaða fram yfir önnur afbrigði tungumáls (sbr. Adamson og Regan 1991), eins og niðurstöður *MIN*-verkefnisins fyrir Ísland staðfesta (Kristján Árnason 2006:23, Halldóra Björt Ewen og T. Kristiansen 2006:43), benda niðurstöður þessarar könnunar til hins gagnstæða og eru því í samræmi við útkomu rannsókna á afröddun í japönsku (Imai 2005). Það þarf þó að taka tillit til ýmissa þátta í sambandi við það. Þar sem upplasararnir í þessari rannsókn voru eingöngu konur er líklegt að kyn

þeirra hafi haft áhrif á matið, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir þáttum eins og samsömun og velvilja. Þess vegna væri ráðlegt og fróðlegt að framkvæma svipaða könnun með karlkynsupplesurum.

Þegar litið er til aldurshópanna er greinilegur munur milli yngstu hópanna beggja (18–44) og þeirra elstu (60+) þar sem þeir yngstu meta upptökurnar, bæði með innfæddum og erlendum hreim, lægra en hinir eldri. Þessar niðurstöður koma mikið á óvart að því leyti að búist var við öfugum venslum samkvæmt vísbendingum úr fyrri könnunum (sjá kafla 2.2 og sbr. Bade og Isenmann væntanl., T. Kristiansen 2006⁷). Til þess að geta túlkað niðurstöðurnar er nauðsynlegt að átta sig á því að íslenskt samfélag, líkt og flest samfélög víða um heim, hefur orðið fyrir gríðarlegum lýðfræðilegum breytingum, sem hafa valdið því að það sem fyrrum var félagslega og málfarslega einsleitt er nú fjölmenningarlegt og fjölmála samfélag. Þrátt fyrir þörf á innflytjendum sem vinnuafli svo og sívaxandi áhuga á Íslandi sem ferðamannastað og nýjum heimkynnum innflytjenda hefur þessi róttæka og skjóta umbreyting **mögulega** valdið óöryggi meðal innfæddra. Samkvæmt tilgátum úr hagfræði hafa þeir sem búa við lítil efni tilhneigingu til þess að vera minna umburðarlyndir gagnvart innflytjendum (Paas og Halapuu 2012:5). Mynstur af því tagi er sérstaklega áberandi í tekjuháum löndum (sbr. Mayda 2006). Samkvæmt þeim tilgátum er ástæðan fyrir því sú að samkeppni á vinnumarkaðnum eykst með vaxandi fjölda innflytjenda. Þar sem innflytjendur vinna oft störf sem ekki krefjast fagmenntunar eru meiri líkur á því að aðrir sem vinna þau störf ali með sér neikvæð viðhorf til innflytjenda. Þar af leiðandi er hugsanlegt að aukin samkeppni á vinnumarkaðnum og harðari starfskröfur hafi það í för með sér að heimamenn **upplifi** einhvers konar pressu, sem endurspeglast svo í viðhorfum til þeirra sem tala með erlendum hreim og eru fulltrúar fyrir þessa pressu.

Þegar litið er á heildarniðurstöður fyrir allar átta upptökurnar virðist koma í ljós að **vestrænn hreimur** sé að jafnaði tekinn fram yfir annan, þ.e. austurevrópskan og asískan hreim. Svipaðar niðurstöður

⁷ Samanburður niðurstaðna þessarar könnunar og þeirra úr grímuprófi *MIN*-verkefnisins er takmarkaður. Það sem lá til grundvallar grímuprófinu í *MIN*-verkefninu var upplesinn texti í tveimur útgáfum og er önnur þeirra með rótgrónum íslenskum orðum og hin með enskum tökuorðum. Tilgangur verkefnanna tveggja er því nokkuð ólíkur að því leyti að *MIN* kannaði einstaka formþætti tengda staðli og frávikum en þessi rannsókn kannar röðun innan einhverrar samfellu byggðar á því hvort málhafar eru innfæddir eða erlendir. Aðferðafræðin er líka ólík því að *MIN* notaði grímupróf en rannsóknin Dulin viðhorf notaði hulinspróf sem gerir ráð fyrir yfirsneiðarþáttum og framburði.

komu fram hjá Lindemann (2005) þegar hún lét 208 nemendur á grunnnámsstigi í bandarískum háskóla leggja mat á ensku talaða með hreim. Þegar hreimur var flokkaður eftir landsvæðum kom í ljós að mat á honum breyttist eftir því hversu langt svæðin voru frá Bandaríkjunum. Burtséð frá löndum með enskumælandi meirihluta, svo sem Bretlandi og Ástralíu, voru viðhorfin neikvæðari með vaxandi fjarlægð frá Bandaríkjunum. Upplesarar frá Vestur-Evrópu fengu hærrí einkunnir en þeir frá Mið-Evrópu eða Suður-Ameríku og Vestur-Evrópumenn fengu hærrí einkunnir en málfarar frá Austur-Evrópu, Miðausturlöndum eða Asíu. Taka þarf þó tillit til þess að þátttakendur í könnun Lindemann lögðu einnig mat á hversu rétt og þægilega viðkomandi upplesari hljómaði og hversu vel þeir þekktu þá ensku sem hann talaði. Með það og niðurstöður þessarar könnunar í huga má hér halda því fram að tvískiptingin milli innfædds og erlends tals, sem hefði einhvern tíma mátt nota til að lýsa íslensku málsamfélagi, sé ekki (lengur) gild. Þessi aðgreining kann að hafa vikið fyrir einhvers konar stigskiptu kerfi sem greinir milli innhóps (e. *in-group*), þ.e. íbúa vestrænna landa, og úthóps (e. *out-group*), þ.e. Austur-Evrópubúa og Asíubúa, og þetta kann að ráða mati á erlendu tali.⁸ Raunar styðja þessar niðurstöður ekki hina ströngu tvískiptingu í innfætt og erlent samkvæmt Moyer (2013:102) þar sem niðurstöður mats á íslenska upplesaranum réttlæta ekki skiptingu af því tagi; þessi aðgreining virðist sem sé ekki nothæf í íslensku samhengi. Í staðinn má frekar gera ráð fyrir aðgreiningu á víðri samfellu sem byggist á sjálfsvitund skynjaðs innhóps. Með öðrum orðum er hugsanlegt að þeir innflytjendur sem tilheyra innhópnum að mati Íslendinga njóti jákvæðra viðhorfa og þar með svipaðrar stöðu og innfæddir í íslensku samfélagi. Neikvætt mat á þeim sem tilheyra úthópnum getur hins vegar valdið þeim lélegri stöðu innan samfélagsins. Samt sem áður þarf að hafa í huga að innhópur og úthópur eru ekki einsleitir heldur sveigjanlegir eftir því hversu „innfætt“ eða „erlent“ viðkomandi hljóm-

⁸ Menn hafa tilhneigingu til þess að flokka heiminn í hópa. Þeir skilgreina sig oft sem meðlimi í einhverjum félagslegum hóp og samsama sig þeim hópi (e. *group identity*). Samkvæmt kenningu um félagslega samsemð (e. *social identity theory*) er félagsleg sjálfsvitund (e. *social identity*) skilgreind sem sá hluti í sjálfsvitund einstaklingsins sem stafar af þekkingu hans sem meðlimur í félagslegum hóp/hópum ásamt þeim gildum og tilfinningalegu þýðingu sem er tengd því að vera meðlimur í þeim hóp/hópum (Tajfel 1978:63). Sá hópur sem einstaklingurinn samsamar sig við, þ.e. innhópurinn, er lokaður fyrir öðrum sem uppfylla ekki skilyrði þess að vera meðlimir og þeir eru svo skilgreindir sem meðlimir einhvers konar úthóps sem viðkomandi einstaklingur telur sig ekki tilheyra.

ar. Með öðrum orðum, tvískipting í inn- og úthóp er ekki föst heldur er þeim sem tala með hreim úthlutað tiltekinni stöðu á einhverjum ás sem nær yfir allan skala hreims, frá þeim sem er skynjaður sem innfæddur eða svipaður innfæddum hreim til þess sem er skynjaður sem lengst frá innfæddum hreim. Einnig má nefna rannsókn Kolbrúnar Eyjólfsdóttur (2017) sem byggist á spurningalista í netkönnun meðal 418 Íslendinga um viðhorf til innflytjenda á Íslandi. Rannsóknin leiddi í ljós að viðhorf reyndust marktækt neikvæðari gagnvart innflytjendum sem tilheyra úthóp heldur en innflytjendum í innhóp. Niðurstöður könnunar Kolbrúnar Eyjólfsdóttur styðja þannig niðurstöður þessarar könnunar.⁹

Útkomu pólska upplestarans hvað varðar einkennið *dugleg* má e.t.v. tengja við það hvernig pólskum innflytjendum er lýst í fjölmiðlum sem duglegum, einkum fyrir hrun 2008 (sbr. t.d. *Morgunblaðið* 22. júlí 2006). Með tilliti til þess að mikið var um marktækan mun varðandi pólska upplestarann og þáttinn menntun, og að þeir sem voru með grunnskólapróf og minna lögðu að jafnaði jákvæðara mat á upplestarann en hinir með hærri menntun, má velta vöngum yfir mögulegum ástæðum. Spyrja má hvort Pólverjar og þar með pólskur hreimur sé áberandi í tilteknu vinnuumhverfi þar sem tækifæri gefst til að staðfesta eða hafna staðalmyndinni um duglegan Pólverja. Síðan er það þess virði að kanna hvort kynni af tilteknum hreim hafi áhrif á skynjun hreimsins og/eða mat á honum (sbr. Kang og Ginther 2017). Sú spurning kemur upp hvort hlustendur hafi aðgang að einhverri hugrænni eða hljóðfræðilegri mynd dulinni í undirmeðvitund við skynjun erlends hreims.

Nokkur hættu á skekkju fylgir því að nota hulinspróf þar sem það getur vakið mismunandi viðbrögð að hver talandi talar með sínum rómi, tónfalli, tónhæð og talhraða. Auk þess er líklegt að mismunandi niðurstöður fengjust ef hlustendur fengju upplýsingar um öðruvísi aðstæður en að auglýst væri eftir leikskólastarfsfólki. Enn fremur er ekki öruggt að niðurstöður þessarar könnunar séu í raun og veru duldar þar sem fyrri rannsóknir sem beindust að viðhorfum fólks benda til þess að íslenskur almenningur hafi ákaflega háa málvitund (Leonard og Kristján Árnason 2012:94, sbr. Halldóru Björt Ewen og T. Kristiansen 2006, Hönnu Óladóttur 2009). Eins og rætt var hér á

⁹ Óljóst er í könnun Kolbrúnar Eyjólfsdóttur frá hvaða löndum innflytjendur koma og hver skilyrði flokkunar í inn- og úthóp voru þó að skilgreint hafi verið að meðlimir innhóps tilheyruð vestrænum þjóðum og meðlimir úthóps tilheyruð ekki vestrænum þjóðum.

undan er flokkun merkingarkvarða (e. *semantic differential scales*) í ákveðin persónueinkenni sveigjanleg eftir samhengi, markmiði og umfangi hvernar könnunar. Rannsóknir í mismunandi löndum, og þar með mismunandi málfarslegu, lýðfræðilegu og félagslegu umhverfi, þarfnast hugtaka sem eru nýtileg í nákvæmlega því umhverfi. Stéttskipt samfélag þarf önnur hugtök en samfélag sem byggist á skiptingu eftir þjóðerni. Segja má að niðurstöður þessarar könnunar gefi til kynna að íslenskt samfélag sé skipt á grundvelli þjóðernislegs bakgrunns íbúa þar sem viðhorfin til upplesara í þessari könnun benda til þess að fólk telst tilheyra innhópi eða úthópi vegna tiltekins hreims. Nokkuð óljóst er þó hvaða hljóðfræðileg einkenni ráða því hvort einhver sem talar með hreim tilheyrir innhópnum eða úthópnum. Útbúa þarf hljóðfræðilega greiningu upptakna sem sýnir frávik í ólíkum hreim frá framburði innfæddra Íslendinga og gæti sú greining enn fremur nýst við að kanna samspil hljóðfræðilegs forms, þ.e. einkenna erlends hreims, og félagsmálfræðilegs hlutverks erlends hreims, þ.e. stöðu mismunandi hreims í málsamfélaginu. Til þess að skilja málfarslega staðalmyndun (e. *linguistic stereotyping*) eða simplun, og ástæður fyrir henni, skiptir miklu máli að nota mismunandi nálgun, þ.e. eigindlega og megindelega, og gera tilraunir með einstaklings- og hópviðtölum, málvísindalegri kortlagningu (e. *linguistic mapping*) og greiningu orðræðu um innflytjendur í fjölmiðlum, svo að einhver dæmi séu nefnd.

6 Lokaorð

Erlendur hreimur er fyrirbæri sem verður meira og meira áberandi í daglegu lífi og samskiptum á Íslandi þar sem tíundi hver íbúi landsins er af erlendum uppruna og hefur annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Þó að hefðbundið mat á íslensku hafi öldum saman einkennst af aðgreiningu milli staðlaðs máls og fráviks frá því er líklegt að slíkt líkan hafi vikið fyrir nokkuð margslungnu líkani sem byggt er á því hversu mikið einstaklingurinn tengist við viðmælandann á grundvelli þess **hversu** „innfæddur“ hann hljómar. Með öðrum orðum þá ræður hreimur því hvort Íslendingar líti á þann sem talar sem hluta af sínum hóp eða ekki. Samt sem áður er óljóst hvort frávik frá íslenskum framburði geti valdið aðgreiningu milli innhóps og úthóps eingöngu á grundvelli hreims. Rannsóknir í löndum með lengri sögu innflytjenda sýna að framburður tengdur neikvæðum

eiginleikum getur valdið málnotendum félagslegum erfiðleikum. Þó að íslensk stjórnvöld viti af þessu og vilji að viðhorf landsmanna til íslensku með erlendum einkennum séu jákvæð og að útrýmt verði fordómum gagnvart íslensku með hreim (*Íslenska til alls* 2008:81–82) ber einstaklingurinn, innfæddur eða ekki, svo og samfélagið sem heild, ábyrgð á því að átta sig á fordómum og staðalmyndum sem tengjast málhreim.

Heimildir

- Adamson, Hugh Douglas og Vera Regan. 1991. The acquisition of community speech norms by Asian immigrants learning English as a second language: a preliminary study. *Studies in Second Language Acquisition* 13:1–22.
- Bítið. 2016. Hver eru viðhorf Íslendinga til hreims og málnotkunar innflytjenda. Viðtal við Stefanie Bade, 4. febrúar 2016. <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP42968>
- Bade, Stefanie og Vanessa Isenmann. Væntanl. "Good and not so good Icelandic." *Standard Icelandic and evaluations of linguistic variation with focus on foreign-accented speech and computer mediated communication*. Handrit í vinnslu.
- Ball, Peter. 1983. Stereotypes of Anglo-Saxon and non-Anglo-Saxon accents: some exploratory Australian studies with the matched-guise technique. *Language Sciences* 5:163–184.
- Cargile, Aaron og Howard Giles. 1998. Language attitudes toward varieties of English: An American-Japanese context. *Journal of Applied Communication Research* 26:338–356.
- Coupland, Nikolas og Tore Kristiansen. 2011. SLICE: Critical perspectives on language (de)standardisation. Í: Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.). *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 11–33. Osló: Novus.
- Ewen, Halldóra Björt og Tore Kristiansen. 2006. Island. Í: *Nordiske sprogholdninger: en masketest*, bls. 33–48. Osló: Novus.
- Finnur Friðriksson. 2008. *Language change vs. stability in conservative language communities: A case study of Icelandic*. Ritgerð til doktorsprófs. Gautaborg: Háskólinn í Gautaborg.
- Garrett, Peter. 2010. *Attitudes to Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Giles, Howard og Nancy Niedzielsky. 1998. Italian is beautiful, German is ugly. Í: Laurie Bauer og Peter Trudgill (ritstj.). *Language Myths*, bls. 85–93. London: Penguin.
- Hagstofa Íslands. 2017. *Mannfjöldi eftir fæðingarlandi 1998-2017* [tafla]. <http://www.hagstofa.is>

- Hanna Óladóttir. 2009. Shake, sjeik *eller* mjólkurhristingur? *Íslandske holdninger til engelsk språkpåvirkning*. Osló: Novus.
- Hilmarrsson-Dunn, Amanda og Ari Páll Kristinsson. 2013. The language situation in Iceland. Í: Robert M. Kaplan, Richard B. Baldauf Jr. og Nkonko M. Kamwangamalu (ritstj.). *Language Planning in Europe*, bls. 100–169. London / New York: Routledge.
- Honey, Joseph. 1997. Sociophonology. Í: Florian Coulmas (ritstj.). *The Handbook of Sociolinguistics*, bls. 92–106. Oxford: Blackwell.
- Imai, Terumi. 2005. *Vowel devoicing in Tokyo Japanese. A variationist approach*. Ritgerð til doktorsprófs. East Lansing: Michigan State University.
- Íslenska til alls: tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. 2009. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Jón Valur Jensson. 2015. *Fjölmenningarhyggja meðvirkra opinberar flónsku sína og ábyrgðarleysi*, 9. desember 2015. <http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/entry/2161476/>
- Kang, Okim og April Ginther. 2017. *Assessment on Second Language Pronunciation*. London: Routledge.
- Kang, Okim og Donald Rubin. 2009. Reverse linguistic stereotyping: Measuring the effect of listener expectations on speech evaluation. *Journal of Language and Social Psychology* 28(4):441–456.
- Kinzler, Katherine D., Kristin Shutts, Jasmine DeJesus og Elizabeth S. Spelke. 2009. Accent trumps race in guiding children's social preferences. *Social Cognition* 27(4):623–634.
- Kolbrún Eyjólfsdóttir. 2017. *Attitudes towards immigrants in Iceland: In-groups and out-groups, national pride, gender, education and job threat*. Ritgerð til BSc-prófs í sálfræði. Háskólinn í Reykjavík. https://skemman.is/bitstream/1946/28415/1/BSc_Thesis_Kolbrun.pdf
- Kristiansen, Gitte. 2001. Social and Linguistic Stereotyping: A Cognitive Approach to Accents. *Estudios Ingleses de la Universidad Complutense* 9:129–145.
- Kristiansen, Tore (ritstj.). 2006. *Nordiske sprogholdninger: en masketest*. Osló: Novus.
- Kristiansen, Tore og Lars S. Vikør. 2006. Nordiske språkhaldningar – jamföring og konklusjonar. Í: Tore Kristiansen og Lars S. Vikør (ritstj.). *Nordiske språkhaldningar: Ei meningsmæling*, bls. 199–214. Osló: Novus.
- Kristín Ingbjörg Hlynsdóttir. 2016. *Þykir harðmæli betra en linnmæli? Rannsókn á ómeðvitundum viðhorfum*. Ritgerð til BA-prófs í íslenskri málfræði. <http://hdl.handle.net/1946/26063>
- Kristján Árnason. 2003. Icelandic. Í: Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.). *Germanic Standardizations: Past to Present*, bls. 245–279. Amsterdam / Philadelphia: John Benjamins.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Íslensk tunga I. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

- Kristján Árnason. 2006. Island. Í: Tore Kristiansen og Lars S. Vikør (ritstj.). *Nordiske språkhaldningar: Ei meningsmáling*, bls. 17–39. Osló: Novus.
- Ladegaard, Hans J. 1998. National stereotypes and language attitudes: The perception of British, American and Australian language and culture in Denmark. *Language and Communication* 18:251–274.
- Lambert, Wallace E., Richard C. Hodgson, Robert C. Gardner og Samuel Fillenbaum. 1960. Evaluational reactions to spoken languages. *Journal of Abnormal and Social Psychology* 60(1):44–51.
- Leonard, Stephen Pax og Kristján Árnason. 2011. Language ideology and standardisation in Iceland. Í: Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.). *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 91–96. Osló: Novus.
- Lindemann, Stephanie. 2005. Who speaks “broken English”? US undergraduates’ perceptions of non-native English. *International Journal of Applied Linguistics* 15(2):187–212.
- Lippi-Green, Rosina. 1997. *English with an accent: language, ideology, and discrimination in the United States*. London: Routledge.
- Mayda, Anna Maria. 2006. Who is Against Immigration? A Cross-Country Investigation of Individual Attitudes toward Immigrants. *The Review of Economics and Statistics* 88(3):510–530.
- Moyer, Alene. 2013. *Foreign Accent. The phenomenon of foreign-accented speech*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Morgunblaðið. 1998. Frökkum er ekki vel við að þjást, 5. september 1998. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/417793/>
- Morgunblaðið. 2006. Harðduglegir Pólverjar í byggingarvinnu, 22. júlí 2006. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1093981/>
- Munro, Miles og Virginia Mann. 2005. Age of immersion as a predictor of foreign accent. *Applied Psycholinguistics* 26(3):311–341.
- Munro, Murray J., Tracey M. Derwing og Kyoko Sato. 2006. Salient accents, covert attitudes: Consciousness-raising for pre-service second language teachers. *Prospect* 21(1):67–79.
- Paas, Tiiu og Vivika Halapuu. 2012. *Attitudes towards immigrants and the integration of ethnically diverse societies*. Norface Migration. [Umræðudrög nr. 2012-23.] www.norface-migration.org
- Ryan, Ellen B. og Miguel A. Carranza. 1975. Evaluative Reactions of Adolescents Toward Speakers of Standard English and Mexican American Accented English. *Journal of Personality and Social Psychology* 31(5):855–863.
- Ryan, Ellen B. og Richard J. Sebastian. 1980. The effects of speech style and social class background on social judgments of speakers. *British Journal of Social and Clinical Psychology* 19:229–233.
- Tajfel, Henry. 1978. Social Categorization, Social Identity and Social Comparison. Í: Henri Tajfel (ritstj.). *Differentiation between Social Groups*, bls. 61–76. London: Academic Press.

Lykilorð

erlendur hreimur, dulin viðhorf til máls, staðalmyndir, málbreytileiki, hulinspróf

Keywords

foreign accent, covert language attitudes, stereotypes, language variation, matched-guise technique

Abstract

Attitudes to languages and language varieties are often diverse, generally being influenced by individuals' backgrounds and environment. This study investigates which background variables influence evaluations of foreign-accented speech in Icelandic. 538 Icelanders evaluated eight audio cues according to eight personality traits connected with prestige and solidarity. The speakers (all female) represented the largest immigration groups in Iceland. They were from the following countries: USA, Denmark, the Philippines, Lithuania, Poland, Thailand, and Germany. Additionally, one native speaker of Icelandic was recorded. The verbal guise technique was employed, thus concealing speakers' backgrounds. Statistical analysis revealed that women and those over 60 are generally more positive in their evaluation as compared to men or those under 60 years. Other background variables, such as residency, education or profession, showed much variance between individual accents and personality traits. The findings indicate that people's background influences attitudes towards accents. Overall, results imply that those accents which can be categorized as Western are preferred to those that belong to Eastern Europeans or Asians. An ideological categorization of that kind has the power to potentially influence the deep-rooted linguistic climate in Iceland and to make way for a hierarchical system built on perceived nativeness and non-nativeness.

Stefanie Bade

Doktorsnemi í íslenskri málfræði

Íslensku- og menningardeild

Háskóla Íslands

stefanie@hi.is